

Reykjavík
Febrúar 2005

EINKAREKIN VAKT- OG ÖRYGGISÞJÓNUSTA OG LÖGREGLAN.

VERKSKIL.



**Greinargerð nefndar dómsmálaráðuneytisins um
verkskil milli lögreglu annars vegar og einkarekinnar
vakt- og öryggisþjónustu hins vegar.**

Efnisyfirlit:

1. Inngangur	bls. 2
2. Vakt- og öryggisþjónusta á Íslandi	bls. 2
2.1 Opinber vakt- og öryggisþjónusta	bls. 3
2.2 Einkarekin vakt- og öryggisþjónusta	bls. 3
2.3 Afmörkuð öryggisþjónusta	bls. 5
2.4 Ný þjónusta á öryggisviði	bls. 5
3. Skörun innan öryggisþjónustu	bls. 6
3.1 Almenn skörun í öryggisþjónustu	bls. 6
3.2 Skörun einkarekinnar vakt- og öryggisþjónustu við lögreglu	bls. 6
4. Tillögur nefndarinnar og ábendingar	bls. 8
4.1 Leyfisveitingar og eftirlit með leyfishöfum	bls. 8
4.2 Öryggisverðir, ráðning og ferilskrár	bls. 10
4.3 Starfsþjálfun og menntun	bls. 10
4.4 Einkenni og einkennisfatnaður	bls. 12
4.5 Heilbrigði, trúnaður og heiðarleiki	bls. 13
4.6 Búnaður	bls. 14
4.7 Þjónustusamningar og tryggingar	bls. 14
4.8 Verkefna- og atvikaskýrslur	bls. 15
5. Persónuvernd	bls. 15
6. Lokaorð	bls. 15
7. Samantekt (summary)	bls. 16

1. Inngangur.

Með bréfi dagsettu 6. ágúst 2003 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að fara yfir verkskil milli lögreglu annars vegar og einkarekinna öryggisfyrirtækja hins vegar.

Nefndina skipa Guðjón Petersen formaður, Árni Guðmundsson Securitas hf., Jónmundur Kjartansson yfirlögregluþjónn embætti ríkislögreglustjóra og Reynir S. Ólafsson tilnefndur af Öryggismiðstöð Íslands hf.

Er nefndinni falið “í því sambandi að fara yfir reynslu af starfi öryggisfyrirtækja og líta til verkefna þeirra og verkefna lögreglunnar og hvar þau skarast”. Er hlutverk nefndarinnar nánar tiltekið “að gera greinargerð um málið og tillögur til ráðuneytisins ef henni þykir úrbóta þörf á því sviði”. Í upphafi nefndarstarfsins vakti ráðuneytið athygli nefndarmanna á þjónustugreinum sem almenningi er boðið upp á og felast meðal annars í lífvörslu, persónunjúsum (Private detection og/eða Surveillance detection) og dyrkþjónustu (lásaopnun). Óskaði ráðuneytið eftir að nefndin skoðaði nánar hvernig fara skuli með þá þjónustu í ofangreindu samhengi. Á starfstímanum var athygli nefndarmanna einnig beint að nýrri tegund þjónustu s.k. “anti bug detection” sem í skýrslunni verður kölluð “hlerunarleit”. Ekki er nefndinni kunnugt um að sú þjónusta sé veitt af einkaaðilum hér á landi enn, en umræða hefur verið um að svo geti verið.

2. Vakt- og öryggisþjónusta á Íslandi.

Vakt- og öryggisþjónusta fer fram hér á landi af mörgum aðilum, bæði innan opinberrar þjónustu ríkis og sveitarfélaga og á vegum einkaaðila. Er um að ræða

öryggis- og vaktþjónustu sem veitt er almenningi til verndar og hjálpar ef í nauðir rekur sem og varsla á persónum, eignum og öðrum verðmætum. Einnig fer fram víðtæk vakt- og öryggisþjónusta sem beinist að afmörkuðum sviðum athafna s.s. mikilvægri stjórnsýslu og stoðkerfum samfélagsins, umferðar á landi, legi og í lofti, við landamæri landsins á flugvöllum og í höfnum, við orku-, vatns- og frárennslisveitur, á sviði fjarskipta-, marg- og ljósvakamiðlunar, og innan fyrirtækja með verulega hagsmuni eða verðmæti í húfi. Því er þessa getið hér að nauðsyn ber til að fyrir liggi yfirsýn yfir þá vakt- og öryggisþjónustu sem einkarekin vakt- og öryggisþjónusta getur komið að, að hluta til eða með beinum hætti.

2.1. Opinber vakt- og öryggisþjónusta.

2.1.1 Vakt- og öryggisþjónusta sem íslenska ríkið og/eða sveitarfélögin taka ábyrgð á samkvæmt sérstökum lögum og/eða eru bundin af í einstökum eða alþjóðlegum samningum er t.d. almannavarnir, flugöryggisþjónusta, flugvernd, landamæragæsla (flugvellir og hafnir), landhelgisgæsla, leitar- og björgunarstarfsemi, löggæsla, mengunarvarnir, neyðarlína, siglingavernd, sjúkraflutningar, slökkvilið, vinnueftirlit og tollgæsla.

2.1.2 Mikilvæg vakt- og öryggisþjónusta, sem getur haft veruleg áhrif á öryggi almennings, líf hans og heilsu, fer einnig fram hjá fyrirtækjum í eigu ríkis og sveitarfélaga. Þessi vakt- og öryggisþjónusta er ýmist framkvæmd af starfsmönnum ríkis eða sveitarfélaga, fyrirtækja í opinberri eigu eða af öryggisvörðum einkarekinnar vakt- og öryggisþjónustu þótt hún sé unnin innan samfélagsskyldu hins opinbera. Framkvæmd hennar er ekki eingöngu bundin við afmörkuð athafnasvæði viðkomandi stofnana eða fyrirtækja heldur getur hún teygst sig inn á svæði sem almenningur hefur aðgang að og inn á heimili fólks. Undir þessa starfsemi má m.a. fella vakt-, öryggis- og eftirlitsþjónustu orku-, vatns- og frárennslisvirkjana ásamt tengi- og flutningsveitum þeirra, hollustuverndar og heilbrigðiseftirlits, rafmagnseftirlits, fjarskipta-, marg- og ljósvakamiðlun o.þ.h.. Þótt sú starfsemi sem hér um ræðir sé nú að mestu í höndum opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, ef undanskilið er einkarekið áskriftarsjónvarp, er nauðsynlegt að litið sé til þeirrar þróunar að starfsemin geti flust yfir til einkarekstrar í framtíðinni.

2.1.3 Óháð því hvort þessi eftirlitsþjónusta er í höndum opinberra- eða einkaaðila gerir hún oftast kröfu um að eiga aðgang að híbýlum fólks og öðrum fasteignum eða lokuðum svæðum og geta heimsóknir undir yfirsýni eftirlits á vegum þessara aðila því verið framkvæmdar á fólkskum forsendum. Því telur nefndin brýnt að setja skýrar reglur eða reglugerð með lagastöð um starfsemi af þessu tagi, sem taki á leyfisveitingum, skráningu og skilríkjum til þeirra sem fá heimild til að heimsækja heimili, afmörkuð athafnasvæði og fyrirtæki í nafni þeirra aðila sem að framan greinir.

2.2. Einkarekin vakt- og öryggisþjónusta.

2.2.1 Þótt einkarekin vakt- og öryggisþjónusta hafi verið við lýði í takmarkaðri mynd um áratuga skeið er það fyrst á áttunda tug síðustu aldar sem einstaklingar og fyrirtæki fara að bjóða fram slíka þjónustu út frá atvinnu- og viðskiptahagsmunum samkvæmt fyrirmyndum erlendis frá. Í upphafi og að megin stofni til hefur þessi starfsemi beinst að vöktun svæða, verðmæta og húseigna í einka- og opinberri eigu

með eftirlitsferðum manna utan almenns viðverutíma starfsmanna eða almennings og/eða með tæknibúnaði sem varar við og kemur boðum um hverskonar vá s.s. bruna, leka, rof og innbrot, auk þess að útvega búnað fyrir fólk sem á við skerta heilsu að stríða, til að koma á framfæri boðum um hættu. Hafa fyrirtæki sem bjóða fram öryggisþjónustu einnig tekið að sér nú á síðari tímum að vera með viðvarandi öryggisgæslu á stöðum sem almenningur hefur aðgang að auk þess að annast verðmætaflutninga með sérútbúnum farartækjum, varnarbúnaði og sérstaklega þjálfuðum öryggisvörðum til starfans.

2.2.2 Það sem e.t.v einkennir einkarekna vakt- og öryggisþjónustu á Íslandi frá því sem tíðkast í öðrum löndum er hversu mikið er um “einyrkja” sem taka að sér vakt- og öryggisþjónustu í hinum dreifðu byggðum landsins án fullnægjandi baklands og þjálfunar. Er nefndin á því að sú tilhögun sé óeskileg og vill vekja athygli á þeirri hættu sem felst í skorti á innra eftirliti með einyrkjum og því að viðkomandi einstaklingur hafi ekki þá þekkingu sem þarf til að uppfylla þau skilyrði sem gera verður til öryggisvarðar. Auk þess veldur einangrun við öryggisgæslu því að lítið eða ekkert getur verið um stuðning að ræða ef hætta steðjar að einyrkja og því sem hann gætir. Því telur nefndin rétt að meðal þeirra skilyrða sem setja þarf við leyfisveitingar til öryggisgæslu sé að öryggisverðirnir hafi tilhlýðilega þjálfun og séu tengdir vaktstöð með fullnægjandi fjarskiptabúnaði, sem stöðugt hafi upplýsingar um ferðir öryggisvarðarins og geti virkjað stuðning við hann verði öryggi hans ógnað eða ástand mála verði honum ofviða. Einnig telur nefndin brýnt að innra eftirlit með starfsemi öryggisvarða verði að vera fullnægjandi til að leyfi sé veitt til öryggisvörslu í atvinnuskyni. Samkvæmt því sem hér greinir um “einyrkja” við öryggisgæslu er þó sá greinarmunur gerður að samkomulag milli tveggja eða fleiri einstaklinga um s.k. nágrannagæslu fellur ekki undir þá starfsemi sem hér um ræðir. Sama gildir um hefðbundna húsvörslu þar sem ráðningarsamband er á milli húsvarðar og eiganda fasteignar.

2.2.3 Þrátt fyrir að einkarekin vakt- og öryggisþjónusta hafi verið rekin um all langt skeið í landinu voru þó ekki sett lög um þá starfsemi fyrir en árið 1997 og var að miklu leyti stuðst við norræn og þá sérstaklega dönsk lög og reglugerðir um sama efni.

2.2.4 Samkvæmt þeirri reynslu sem nú er komin á hina hefðbundnu vakt- og öryggisþjónustu í einkarekstri, telur nefndin að ekki hafi komið annað fram en að hér sé um mjög þarfa og öflugra starfsemi að ræða fyrir almenna öryggishagsmuni einstaklinga og fyrirtækja. Einnig er nefndin sammála því að þau einkareknu öryggisfyrirtæki sem nú starfa innan greinarinnar, þ.e. stærri öryggisfyrirtækin, sem ætla má að hafi vel á þriðja hundrað starfsmanna og byggja starfsemi sína á erlendum fyrirmyndum, hafi byggst upp á agaðan og skipulegan hátt og sannað mikilvægi sitt í að auka öryggi borgaranna og eigna þeirra. Vegna þeirrar reynslu og þekkingar sem skapast hefur í uppbyggingu einkarekinnar vakt- og öryggisþjónustu innan núverandi öryggisfyrirtækja og ekki síður vegna þeirra veikleika sem liggja í einyrkjastarfsemi á þessum vettvangi svo og vegna óskilgreindrar kröfu til annarra þátta sem greint er frá í 2.3 og 2.4 telur nefndin mjög mikilvægt að lög, reglur og gæðakröfur til einkarekinnar vakt- og öryggisþjónustu verði endurskoðuð og bætt m.t.t. hagsmuna neytenda hennar og þeirra sem þjónustuna veita.

2.3. Afmörkuð öryggisþjónusta.

2.3.1 Á síðari árum og misserum hefur verið boðin fram afmörkuð tegund af þjónustu fyrir almenning sem fellur ekki að nógildandi lögum um öryggisþjónustu en getur haft veruleg áhrif á öryggi einstaklinga, fyrirtækja eða stofnana. Þessi þjónusta er til bóta ef vel er til vandað en tjóns ef hún er veitt lausbeisluð. Er hér um að ræða dyrkþjónustu (lásaopnun) annars vegar og lífvörslu hins vegar.

2.3.2 Með dyrkþjónustu fá þeir sem þjónustuna veita aðgang að þeim læsingum sem þeir þurfa að fást við og í sínar hendur upplýsingar um lásakerfi, lykklamót og hugsanlega rafeindakóða læsinga þar sem það á við. Dæmi er um að einstaklingur í dyrkþjónustu hafi verið vélaður til að opna hífylki fólks fyrir óviðkomandi aðila, sem sýnir óásættanlegan veikleika í þjónustunni.

2.3.3 Lífvarsla er á hinn bóginn þjónusta sem býður upp á að sá sem þjónustuna veitir verður handhafi viðkvæmra upplýsinga um skjólstæðing sinn styrk hans, veikleika, athafnir og hegðunarmynstur. Lífvarsla felur einnig í sér viðbrögð og svörun við ofbeldi sem getur falist í að taka á sig líkamsárás og/eða gera meintan árásaraðila óvígán með gagnárás og frekara ofbeldi.

2.3.4 Að framansögðu er nefndin því sammála um að dyrkþjónusta annars vegar og lífvarsla hins vegar, sem veitt er af einkaaðilum, eigi að falla undir lög um einkarekna vakt- og öryggisþjónustu og lúta þannig þeim skilgreindu takmörkunum og gæðakröfum sem gera verður til hennar.

2.4. Ný þjónusta á öryggissviði.

2.4.1 Fram hefur komið tilvik þar sem einkaaðili hefur boðið fyrirtækjum, starfsgreinum og einstaklingum að annast fyrir þá persónunjósniir (private surveillance). Er hér um að ræða starfsemi sem búast má við að boðin verði í auknum mæli, í viðskipta- og ábataskyni, án eða með heimild í lögum. Þessi starfsemi byggist eðli málsins samkvæmt á að fara inn á friðhelgi einkalífs með því að “skyggja” fólk, mynda og hlera til að safna og koma á framfæri til viðskiptavinar viðkvæmum upplýsingum um fólk og athafnir þess, um viðskipta- og iðnaðarhagsmunum svo og um opinbera starfsemi sem varðar heill og öryggi almennings. Þær upplýsingar geta, í saknæmum höndum viðskiptavinar eða “njósnaarans” sjálfs, leitt til kúgunar og/eða annarrar misbeitingar í krafti vitneskju sem þolandi telur skaðlegt að fari víðar.

2.4.2 Nefndin gerir sér hins vegar grein fyrir því að ákveðið eftirlit þarf að fara fram með fólki á stöðum þar sem það hefur aðgang að verðmætum og öryggishagsmunum fyrirtækja, stofnana sem og einstaklinga og gerir skýran greinarmun á þess háttar eftirliti og persónunjósnum, enda háð skilyrðum laga um persónuvernd. Á sama hátt aðgreinir nefndin þann þátt persónueftirlits sem felst í innra gæðaeftirliti fyrirtækja og stofnana með hegðun þeirra starfsmanna sem starfseminnar vegna þurfa að sýna vammlausu háttsemi. Því fellir nefndin ekki þá starfsemi undir persónunjósniir samkvæmt skilgreiningu sinni í þessari skýrslu.

2.4.3 Að framansögðu er það því skoðun nefndarinnar að setja verði lög sem banni persónunjósniir einkaaðila og að þung viðurlög verði við að brjóta slíkt bann þar sem

ábatí getur verið það mikill í þannig starfsemi, eða kúgun henni fylgjandi, að ólöglegir persónunjósningar taki litla áhættu með léttvægum sektum.

2.4.4 Hlerunarleit (anti bug detection) er öndverð persónunjósnum þar sem boðið er upp á varnir gegn ákveðnum hluta af persónunjósnum með því að finna hugsanlegan hlerunarbúnað og gera hann óvirkan. Þeir sem stunda þá þjónustu (erlendis) krefjast þess þó undantekningalítið að vinna leitina án viðveru annarra t.d. umráðamanns eða starfsmanns viðkomandi rýmis eða svæðis og eru því í aðstöðu til að “planta inn” hlerunarbúnaði í ábataskyni fyrir sig eða þriðja aðila sem býður þannig upp á hættu á misnotkun.

2.4.5 Hvað varðar hlerunarleit telur nefndin einnig að setja eigi lög um þá starfsemi en tekur ekki afstöðu til þess hvort þau lög verði um bann eða heimild en telur að ef um heimild verði að ræða þá verði sú þjónusta að vera sett undir mjög skýr leyfis-, gæða-, og eftirlitsskilyrði.

3. Skörun innan öryggisþjónustu.

3.1. Almenn skörun í öryggisþjónustu.

3.1.1 Öll öryggisþjónusta opinber, sjálfbodin og einkarekin skarast. Hluti af þeirri skörun er eðlileg og jafnvel æskileg á meðan annar hluti skörunar er óæskilegur, til tjóns og jafnvel hættulegur. Sum viðbrögð sem gripið er til af ígrunduðu mati og þekkingu og skarast á við lögboðið hlutverk annarra geta verið skylduviðbrögð til að bjarga mannlífum eða verðmætum frá glötun meðan önnur sem gripið er til vanhugsað og án tilhlýðilegrar þekkingar geta valdið spjöllum ásamt mann- og/eða eignatjóni. Vegna þessa er brýnt að verklagsreglur vakt- og öryggisþjónustu séu afdráttarlausar og skýrar og að kröfur um menntun og þjálfun öryggisvarða miði að því að þeir geti uppfyllt á fullnægjandi hátt þær skyldur sem þeir taka að sér fyrir viðskiptavininn, og þekki þar að auki til hlýtar heimildir sínar og takmarkanir.

3.2. Skörun einkarekinnar vakt- og öryggisþjónustu við lögreglu.

3.2.1 Nefndinni er ekki kunnugt um að einkarekin vakt- og öryggisþjónusta sem nú er rekin í landinu hafi skarast svo við lögreglu eða aðra opinbera öryggisþjónustu að skaði hafi hlotist af. Hins vegar hefur tilkoma og reynslan af einkarekinni vakt- og öryggisþjónustu vakið upp spurningar um eðlileg hlutverkaskipti, ábyrgðarsvið og samskipti milli hennar og opinberrar öryggisþjónustu hins vegar. Þess vegna telur nefndin sér skylt að setja fram tillögur og ábendingar sem miða að því að veita einkarekinni vakt- og öryggisþjónustu skýrari stöðu innan þjónustusviðs öryggismála, efla gæði hennar og að tryggja sem kostur er að hún uppfylli þær öryggiskröfur sem gera verður til hennar.

3.2.2 Megin línur í verkaskiptingu lögreglu og einkarekinnar vakt- og öryggisþjónustu eru þær að hlutverk lögreglu er m.a. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi, sbr. a. lið 2. mgr. lögreglulaga nr. 90/1996.. Einkarekin vakt- og öryggisþjónusta fer hins vegar með það hlutverk að halda uppi eftirliti, forða frá skaða með markvissu fyrirbyggjandi eftirliti og tilkynna um tjón eða tilraunir til ólöglegs athæfis. Reynslan af starfsemi einkarekinnar vakt- og

öryggisþjónustu sýnir eins og áður segir að þessar megin línur eru virtar en eðli málsins samkvæmt eiga sér stað skaranir þar sem “grátt belti” myndast milli þessara megin hlutverka.

3.2.3 Einhver dæmi eru um að öryggisfyrirtæki hafi selt einstaklingum öryggiskerfi fyrir heimili, sem byggja á skynjurum, með því loforði að lögregla komi með forgangi til að sinna þeim þegar kerfið fer í gang. Einnig hafi þau selt almennum fyrirtækjum svipuð kerfi með þeim orðum að lögreglan komi strax á staðinn. Hefur það orsakað þann misskilning að eigendur slíkra kerfa og starfsmenn öryggisfyrirtækja hafa haft samband við Fjarskiptamiðstöð lögreglu og ætlist til að lögreglan sinni útköllum frá kerfum af þessu tagi sem seld eru í ábataskyni fyrir öryggisfyrirtækin, án þess að þau ætli að bregðast sjálf við, en þessi misskilningur mun þó hafa verið leiðréttur þar sem stærri öryggisfyrirtækin hafa tekið upp þá verklagsrelu að senda alltaf öryggisvörð fyrst á staðinn og tilynna einnig lögreglu. Hefur ríkislögreglustjóri látið þá skoðun í ljósi að ekki verði séð að hægt sé að heimila öryggisfyrirtækjum að selja slíkan búnað með því fororði að lögreglan taki ábyrgð á viðbrögðum gegn boðum frá þeim, nema sérstakir samningar hafi farið fram um slíkt áður. Að framansögðu verður því að leggja áherslu á að lögreglan tekur ekki að sér milliliðalaus þjónustu við þessi kerfi. Öryggisfyrirtækin verði að senda fyrst á staðinn og ef í ljós komi, að um innbrot, þjófnað eða annan refsiverðan verknað sé að ræða, kalli þau til lögreglu sem þá sinnir slíku að sjálfsögðu.

3.2.4 Hvað varðar árársboðhnappa þá hefur dómsmálaráðuneytið ekki sett reglur fyrir öryggisfyrirtæki um hvaða skilyrði eða takmarkanir gildi um uppsetningu þeirra, sbr. umburðarbréf ríkislögreglustjóra til allra lögreglustjóra, dags. 16. apríl 1999. Þar segir einnig að um sé að ræða búnað sem er fyrst og fremst til þess að gera viðvart um líkamsárásir, aðra alvarlega valdbeitingu eða auðgunarbrot eða yfirvofandi hótunar um slíkt. Slíkur búnaður hefur fyrst og fremst verið hjá æðstu stjórn ríkisins, bankastofnunum og á seinni árum hjá verðbréfafyrirtækjum, bensínstöðvum, sjúkrastofnunum, verslunum, söluturnum o.fl. Hefur það í vaxandi mæli færst til öryggisfyrirtækja að vakta slíkan búnað og er þá í eðli sínu fyrst og fremst um að ræða ránsviðvörunarbúnað. Þá er ljóst að fölsk boð vegna árársrhanna eru færri en vegna öryggiskerfa sem byggja á skynjurum. Í nefndu umburðarbréfi ríkislögreglustjóra eru sett þau fyrirmæli til lögreglustjóra að þegar tilkynning berst frá öryggisfyrirtæki um að borist hafi árársboð frá ákveðnum stað sem fyrirtækið vaktar skuli lögregla bregðast við með því að fara strax á staðinn. Nefndin telur nauðsynlegt að í nýjum lögum eða reglugerð verði skýrt kveðið á um það, að þegar viðurkennt öryggisfyrirtæki tilkynnir lögreglu um að arársboð hafi borist frá ákveðnum stað sem fyrirtækið vaktar, skuli lögregla bregðast strax við með því að fara á staðinn.

3.2.5 Samkvæmt fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins til allra lögreglustjóra, dags. 4. mars 1997, um vöktun og tengingar öryggiskerfa við lögreglustöðvar er lögreglu heimilt að vakta og sinna boðum frá öryggiskerfum sem eingöngu eru tengd árárshöppum ef um er að ræða handhafa æðstu embættismanna ríkisins á starfsstöð og heimili. Starfsstöð embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins. Starfsmanna í bönkum, verðbréfafyrirtækjum og öðrum peningastofnunum. Starfsmanna flughafna, pósthúsa, safna og ÁTVR. Svo og þeirra sem ráðuneytið hefur veitt tímabundna heimild til að tengjast lögreglu með árársboðhnapp. Í nefndu bréfi ráðuneytisins er tekið fram að það sé skylda lögreglunnar að bregðast við boðum og árársrofum frá þessum aðilum, sem og tilkynningum frá öryggisfyrirtækjum um boð frá

árásarhnöppum þessara sömu starfsmanna. Nefndin telur enga ástæðu til að leggja til breytingar á þessu fyrirkomulagi.

3.2.6 Viðbrögð öryggisvarða einkarekinna vakt- og öryggisfyrirtækja, í þeim tilfellum sem hér greinir, sem og í öðrum eftirlitsstörfum, t.d. þegar rán, þjófnaður eða ofbeldi verður öryggisverði sýnilegt geta leitt til viðbragða sem liggja utan við valdsvið öryggisvarða og valda líkams- eða heilsutjóni á geranda þess verknaðar sem um ræðir. Að framansögðu telur nefndin ástæðu til þess að leggja til að Dómsmálaráðuneytið fari reglulega yfir það hvort valdsvið og lagaheimildir setji öryggisfyrirtækjunum skorður hvað varðar verkefni sem þau geta tekið að sér. Skal í því sambandi bæði horft til almanna hagsmuna hvað varðar þau verkefni sem öryggisfyrirtækin taka að sér eða samfélagið ætlar þeim að sinna og þess öryggis sem öryggisvörðum er búið við störf sín, t.d. þar sem hætta er á að vopnavaldi kunni að vera beitt, eitranir eða sprengihætta er umfram það sem eðlilegt má telja. Til að fylgjast með þessari þróun og taka fyrir mál sem upp geta komið til meðferðar og kryfja með það að markmiði að fyrirbyggja endurtekin mistök má hugsa sér að til staðar sé samráðshópur skipaður af dómsmálaráðherra sem skuli að lágmarki halda einn samráðsfund á ári og oftár þegar sérstök tilefni útheimta.

4. Tillögur nefndarinnar og ábendingar.

Samkvæmt því sem að framan greinir, þeirra gagna sem nefndin hefur haft undir höndum, vettvangsskoðana og á grundvelli umræðna innan hennar leggur nefndin til að núverandi ákvæði laga nr. 58/1997 og reglugerðar nr. 340/1997 haldi sér en verði endurskoðuð samkvæmt eftirfarandi tillögum undir heitinu “lög um einkarekna vakt- og öryggisþjónustu”.

4.1 Leyfisveitingar og eftirlit með leyfishöfum.

4.1.1 Nefndin leggur til að núverandi kröfur um leyfi til einkarekinnar vakt- og öryggisþjónustu, skv. 1 nr. 58/1997 haldi sér með þeim viðbótum sem fram koma í tillögum nefndarinnar.

4.1.2 Einnig leggur nefndin til að stofnanir og fyrirtæki sem starfseminnar vegna þurfa að senda starfsmenn sína í híbýli fólks eða önnur rými í einkaeign, vegna álesturs eða eftirlits með veitu- eða miðlunarkerfum, verði skylt að hafa fyrirbyggjandi skrá yfir þá menn sem þurfa að hafa þann aðgang, með sýnishorni af persónuskilríki þeirra þar sem fram komi “logo” og nafn stofnunar eða fyrirtækis, nafn starfsmanns, mynd og upplýsingar um takmarkanir í aðgangsheimild. Þessum mönnum verði skylt að hafa meðferðis persónuskilríki til að framvísa með framangreindum upplýsingum. Einnig leggur nefndin til að þeim verði skylt að hafa meðferðis nafnspjald með framangreindum upplýsingum, ásamt símanúmeri, til að afhenda eiganda eða umráðamanni fasteignar sem þeir heimsækja.

4.1.3 Nefndin leggur til að lögreglustjórar, samkvæmt skriflegum verklagsreglum ríkislögreglustjóra, fari með leyfisveitingar til fyrirtækja til að annast einkarekna vakt- og öryggisþjónustu í umboði dómsmálaráðherra. Auk þeirra takmarkana fyrir leyfisveitingum sem eru í núgildandi lögum nr. 58/1997, eða fram koma í öðrum köflum skýrslunnar, leggur nefndin til að leyfisveitingar verði háðar því að umsækjandi uppfylli kröfur um rekstur vaktstöðvar með sólahringsvöktun og

fjarskiptatækni til lokaðs sambands við öryggisverði eða sýni fram á skriflegan samning við aðila sem rekur fullnægjandi vaktstöð með framangreindri fjarskiptatækni. Rekstur vaktstöðvar verði þó ekki skilyrði til að veita leyfi sem bundin eru dyrkþjónustu eingöngu.

4.1.4 Lagt er til að leyfi til að reka vakt- og öryggisþjónustu verði svæðisbundin og gildi aðeins innan viðkomandi stjórnsýsluumdæmis. Jafnframt telur nefndin að opinbert eftirlit með starfsemi eigi að vera í höndum lögreglustjóra (sýslumanns) viðkomandi stjórnsýsluumdæmis samkvæmt nánari starfsreglum sem ríkislögreglustjóri setur þannig að samræmi verði milli stjórnsýsluumdæma. Lögreglustjóri (sýslumaður) skili ríkislögreglustjóra reglulega (árlega) eftirlitsskýrslu um stöðu leyfishafa. Með því að dreifa eftirlitsskyldunni út til umdæmanna telur nefndin að það ætti að verða skilvirkara auk þess sem nálægð milli eftirlitsaðila og þess sem þjónustuna veitir auðveldi verkið.

4.1.5 Óheimilt verði að veita fastráðnum lögreglumönnum, slökkviliðsmönnum, tollvörðum, starfsmönnum almannavarna og landhelgisgæslu leyfi til að reka vakt- og öryggisþjónustu á eigin vegum. Telur nefndin að með því verði girt fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra milli þeirra sem veita lögbundna öryggisþjónustu annars vegar og einkarekna hins vegar.

4.1.6 Lagt er til að lögreglustjóri geti veitt fyrirtækjum, félagasamtökum eða einstaklingum leyfi til að annast vakt- og öryggisþjónustu í sérstökum tilvikum á afmörkuðum svæðum í tiltekinn tíma t.a.m. þegar hópsamkomur eiga sér stað enda uppfylli leyfishafi þær kröfur sem kveðið verði á um, um tímabundna vaktstöð, menntun, þjálfun, búnað og einkenni til starfans og aðrar þær kröfur sem farið er fram á í þessu sambandi.

4.1.7 Að mati nefndarinnar getur einkarekin vakt- og öryggisþjónusta falist í eftirfarandi, að öllu leyti eða hluta:

1. Dyrkþjónustu þar sem sinnt er neyðarþjónustu í tengslum við opnun lásabúnaðar, t.d. að hífylum, bifreiðum, hirslum o.þ.h.
2. Öryggisvörslu þar sem sinnt er boðum frá almenningi um aðstoð, og frá viðvörunarkerfum vegna dæluvirkni, eldsvoða, hitastigs, innbrots, rafmagnsleysis, vatnsleka o.þ.h.
3. Öryggisvörslu sem felst í eftirliti með lokuðum svæðum, svæðum opnum almenningi, sérstökum verndarsvæðum og hópsamkomum, hvort heldur er með eftirlitsferðum vaktmanna og/eða myndavélum.
4. Verðmætaflutningum með sérþjálfuðum mönnum og á sérútbúnum farartækjum.
5. Lífvörslu sem felst í því að vernda einstaklinga með lífvörðum.

4.1.8 Nefndin leggur áherslu á að leyfisumsóknir verði ritaðar á þar til gerð eyðublöð (sjá fylgiskjal I) sem taki mið af ofangreindum flokkunum. Þeim fylgi nauðsynleg gögn og upplýsingar s.s. úr fyrirtækjaskrá, vsk. númer, sakavottorð, menntun umsækjanda, heimild til rannsóknar á ferilskrám, t.d. málaskrá lögreglu, yfirlýsing um ábyrgðartryggingu, myndir af væntanlegu persónuskilríki þjónustunnar, einkennismerki hennar og einkennisfatnaði í lit, frá öllum hliðum séð.

4.2 Öryggisverðir, ráðning og ferilskrár.

4.2.1 Menntun, þjálfun, heiðarleiki og hæfni öryggisvarða er ein helsta undirstaða einkarekinnar vakt- og öryggisþjónustu. Því telur nefndin eðlilegt að val á öryggisvörðum verði samræmt á milli öryggisfyrirtækja með verklagsreglum sem fylgja beri sem lágmark, en gerir sér grein fyrir því að einstök fyrirtæki geti gert strangari kröfur en þar greinir. Því leggur nefndin til að einkarekinni vakt- og öryggisþjónustu verði heimilt að krefjast þess að umsækjandi um starf leggi fram sjálfur sakavottorð, afrit úr málaskrá lögreglu, ökuferilskrá, prófskírteini ef til eru og læknisvottorð, og undirriti jafnframt heimild fyrir öryggisfyrirtæki til að afla upplýsinga úr öðrum gagnaskrá, enda séu þær gagnaskrár þá sérstaklega tilgreindar.

4.2.2 Við ráðningu og í starfi telur nefndin að öryggisvörðum verði að vera ljóst að þeir falli undir innra eftirlit öryggisfyrirtækisins sem getur falist í að hann sé “skyggður” af starfsmönnum innra eftirlits, með eftirlitsmyndavélum eða upplýsingaöflun eftir öðrum leiðum. Því leggur nefndin til að allir starfsmenn öryggisfyrirtækja skuli undirrita skjal við ráðningu þar sem þeir undirgangast slíkt innra eftirlit sem og heitstaf um trúnaðarskyldu gagnvart því fyrirtæki sem þeir starfa við, umbjóðanda þess og þeim sem þeir hafa afskipti af allt að því marki sem öryggisfyrirtækið, lögregla, dómstólar eða heilbrigðisyfirvöld kunna að krefjast.

4.3 Starfsþjálfun- og menntun.

4.3.1 Það er reginmunur á menntun og þjálfun öryggisvarða innan raða einyrkja annars vegar og þeirra sem starfa hjá stærri öryggisfyrirtækjum í landinu. Gera verður ráð fyrir að flestir einyrkjar sem taka að sér öryggisgæslu á landsbyggðinni séu lítið eða ekkert þjálfaðir til þeirra hluta, enda gera lög og reglugerðir um vakt- og öryggisþjónustu á Íslandi ekki skilgreindar kröfur um slíkt. Telur nefndin það mjög varasamt gagnvart neytendum þeirrar þjónustu sem þeir kaupa og geta þar að auki stefnt öryggi öryggisvarða í hættu eins og fram kemur í 2. kafla.

4.3.2 Með tilkomu stærri öryggisfyrirtækja, sem byggja starfsemi sína á erlendum fyrirmyndum var lagður grunnur að þjálfunarkerfi fyrir öryggisverði sem starfa innan þeirra. Grunnþjálfunin fer að mestu fram með sérhæfðum námskeiðum þar sem sérfræðingar (fagmenn) á ákveðnum sviðum halda fyrirlestra eða sjá um kennslu á þeim námskeiðum sem verðandi öryggisvörðum er ætlað að sækja. Byggir þjálfunin bæði á bóklegum og verklegum námskeiðum sem fara fram á vinnustað. Þessi þjálfunargrunnur er þó aðeins byggður á innra eftirliti fyrirtækjanna sjálfra og vottun þeirra en tengist ekki á neinn hátt annarri starfsmenntun í landinu sem er mjög miður.

4.3.3 Grunnnámskeið öryggisvarða er á bilinu 40 til 100 klst. en umfang þess ræðst af þeim verkefnum sem viðkomandi er ráðinn til að sinna. Rúmlega helmingur námskeiðsins er í formi verklegrar þjálfunar þar sem verðandi öryggisverðir vinna undir handleiðslu öryggisfulltrúa með reynslu og þjálfunarstjóra. Þekking og færni nýrra starfsmanna er síðan staðfest með sérstakri úttekt á fyrstu tveim vikum þeirra í starfi. Helstu atriðin sem farið er í gegnum, bóklega og verklega, á námskeiðum öryggisvarða hjá öryggisfyrirtækjum eru:

1. Almennar starfsreglur öryggisvarða.
2. Lög og reglur sem snerta starfssvið öryggisvarða.
3. Framkoma og samskipti í starfi.
4. Viðbrögð við bruna.
5. Meðferð handslökkvibúnaðar.
6. Almenn skyndihjálp.
7. Viðbrögð við boðum frá öryggiskerfum.
8. Fyrirbyggjandi eftirlit.
9. Neyðarboð.
10. Eigið öryggi.
11. Samstarf við samstarfsaðila s.s. lögreglu og slökkvilið.
12. Tækninámskeið þar sem farið er yfir virkni og umgengni við öryggiskerfi.

4.3.4 Öryggisfyrirtækin þjálfa öryggisverði sína í eigin skólum (t.d. Securitasskólinn) og byggja námskeiðin á 25 ára reynslu og eru í samræmi við starfsaðferðir sem tíðkast hjá sambærilegum öryggisfyrirtækjum á hinum Norðurlöndunum. Þ.a.l. er menntun og þjálfun öryggisvarða ekki samræmd eða bundin af neinum stöðlum af hálfu ráðuneyta dómsmála eða menntamála. Því ræðst færni og þekking þeirra einstaklinga sem starfanum sinna á metnaði öryggisfyrirtækjanna til þeirrar þjónustu sem þau veita, og því bolmagni sem þau hafa til að vanda til þjálfunarinnar.

4.3.5 Nefndin bendir sérstaklega á að menntun og starfsþjálfun öryggisvarða er einn af hornsteinum þess trúverðugleika sem starfsemi þeirra þarf að byggjast á. Því telur hún að sérstaklega þurfi að huga að því að styrkja hana og tryggja þar með gæði þeirrar þjónustu sem neytandi öryggisvöktunar kaupir. Einnig bendir nefndin á að með markvissri menntun og þjálfun er dregið verulega úr þeim vanda sem skapast getur á sviði skörunar við opinbera öryggisþjónustu. Því telur nefndin æskilegt að hlutverk lögreglu annars vegar og öryggisvarða hins vegar sé skýrt með leiðbeinandi hætti í þeim tilvikum þegar leiðir liggja saman á vettvangi. Þá telur nefndin að leiðbeinandi skilgreiningar í þessu tilliti skuli fá kynningu í tengslum við menntun og þjálfun þessara aðila þannig að báðir aðilar þekki hlutverk hins og hafi því alla möguleika á að taka tillit til þessara hagsmuna þegar leiðir liggja saman á vettvangi. Í því sambandi má nefna að öryggisverðir gegna jafnan hagsmunahlutverki viðsemjenda sinna á vettvangi þar til þeir koma sjálfir á staðinn. Telur nefndin því að fyrsta skrefið í að auka skiling á hlutverkum þessara aðila ætti að vera í formi gagnkvæmra kynninga öryggisfyrirtækjanna innan lögregluskóla ríkisins og öfugt.

4.3.6 Starfsgreinaráð menntamálaráðuneytisins um björgun, öryggisvörslu og löggæslu hefur unnið skýrslu um stöðu menntunar og þjálfunar þeirra starfsgreina sem að þeim störfum koma en hefur ekki getað lagt fram tillögur um framtíðarskipan þeirra mála þar sem málaflokkurinn heyrir undir mörg ráðuneyti án samræmingar menntamálaráðuneytisins. Með vísun til þeirrar skýrslu og þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað innan starfsgreinaráðsins (en tveir nefndarmenn verkskilanefndarinnar hafa átt sæti í starfsgreinaráðinu) bendir nefndin hins vegar á að þar sem þessi málaflokkur heyrir undir dómsmálaráðherra sem og lögreglan sé það á valdsviði ráðherra að samræma menntun og þjálfun á sviði öryggisgæslu og löggæslu að svo miklu leyti sem þörf krefur. Því leggur nefndin fram eftirfarandi tillögur að skipan starfsmenntunar fyrir öryggisverði innan einkarekinnar vakt- og öryggisþjónustu:

1. Að þeir sem fá leyfi til að sinna dyrkþjónustu þurfi að sanna hæfni sína á því sviði s.s. með vottun frá viðurkenndum aðila (t.d. Iðntæknistofnun). Kannað verði við Iðntæknistofnun um að setja upp slík vottunarnámskeið fyrir menn í dyrkþjónustu.
2. Að þeir sem fá leyfi til að sinna boðum frá almenningi um aðstoð og frá viðvörunarkerfum vegna dæluvirkni, eldsvoða, hitastigs, innbrots, rafmagnsleysis, vatnsleka o.þ.h. hafi lokið námskeiði í almennum starfsreglum öryggisvarða, lögum og reglum sem snerta starfssvið öryggisvarða, framkomu og samskiptum í starfi, viðbrögðum við bruna, viðbrögðum við vatnsleka eða leka hættulegra efna, meðferð slökkvibúnaðar, almennri skyndihjálpi, viðbrögðum við boðum frá öryggiskerfum, fyrirbyggjandi eftirliti, neyðarboðun, að tryggja eigið öryggi, samstarfi við samstarfsaðila s.s. lögreglu og slökkvilið og á tæknisviði þar sem farið er yfir virkni og umgengni við öryggiskerfi.
3. Að þeir sem fá leyfi til að sinna eftirliti með lokuðum svæðum, svæðum opnum almenningi, sérstökum verndarsvæðum og hópsamkomum, hvort heldur er með eftirlitsferðum vaktmanna og/eða myndavélum þurfi að hafa lokið námskeiði í þeim greinum sem taldar er upp undir 2. lið auk eftirtalinnna greina sem kenndar eru við fyrstu önn lögregluskóla ríkisins þ.e. lögfræði, lögreglufræði og þjálfun.
4. Að þeir sem fá leyfi til að sinna verðmætaflutningum með sérþjálfuðum mönnum og á sérútbúnum farartækjum þurfi að hafa lokið námi og þjálfun samkvæmt liðum 2 og 3 hér að framan auk þess að hafa meira próf á ökutæki, hafa staðgóða þekkingu á faglegu og sjónrænu áhættumati á fyrirhugaðri flutningaleið, lestunar- og losunarstað, brynvörn, læsingarbúnaði farartækja í verðmætaflutningum og öryggisfjarskiptum þess, og standast þrekpróf samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru til inngöngu í lögregluskóla ríkisins.
5. Að þeir sem fá leyfi til að annast lífvörslu sem felst í því að vernda einstaklinga með lífvörðum hafi auk valdra greina í liðum 2, 3, og 4. lokið viðurkenndri menntun og þjálfun í sjálfsvarnar- og afvopnunartækni, skoðun og áhættumati á ferðaleiðum, komu- og fararstöðum og dvalar- og starfssvæðum, þekkingu á, vörnum gegn og beitingu deyf- og eitrefna í föstu-, fljótandi- og loftkenndu formi, sprengjuleit í bílum, byggingum, flugvélum, farangri, einstökum rýmum o.s.frv., viðbrögðum við ógn eða árás, skýlingu fórnarlamb, flóttamati og flóttatækni.

4.3.7 Að framansögðu telur nefndin sýnt að þær menntunar- og þjálfunarkröfur sem gera verður til öryggisvarða séu það víðtækar að mjög athugandi sé að dómsmálaráðuneytið taki upp viðræður við menntamálaráðuneytið eða starfsgreinaráð þess um að taka upp námsbraut við fjölbrautarskóla landsins á öryggisþjónustusviði sem gæti orðið að grunnnámi fyrir öryggisverði og þá sem huga að frekara námi við lögregluskóla ríkisins, til starfa við verðmætaflutninga og lífvörslu, sjúkraflutninga eða slökkvilið.

4.4 Einkenni og einkennisfatnaður.

4.4.1 Nefndin telur að skylda verði þá sem annast einkarekna vakt- og öryggisþjónustu að hafa skráð einkennismerki “logo” sem komi skýrt fram í tilskyldu

persónuskilríki og á einkennisfatnaði öryggisvarða. Merkið verði þannig úr garði gert að ekki megi rugla því saman við einkennismerki lögreglu, slökkviliðsmanna, starfsmanna landhelgisgæslunnar, alþjóðaeinkenni rauðakrossfélaga eða almannavarna. Þó megi vikomandi öryggisvörður bera síðastnefndu tvö einkennin á sér hafi hann hlotið þjálfun og verið skráður með skilgreint hlutverk innan Rauðakross Íslands eða almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra.

4.4.2 Lagt er til að öryggisverðir einkarekinnar vakt- og öryggisþjónustu skuli þegar þeir eru á vakt ávallt bera auðkenniskort öryggisfyrirtækis með mynd. Á auðkenniskorti þurfa að koma fram upplýsingar um nafn öryggisvarðar, kennitölu, starfsheiti, nafn og “logo” öryggisfyrirtækis. Á auðkenniskorti skal koma greinilega fram “gildistími” kortsins þannig að kortin “renni út” og séu endurnýjuð a.m.k. árlega. Sýnishorn af auðkenniskorti öryggisfyrirtækis ætti að fylgja umsókn um starfsleyfi til að reka einkarekna vakt- og öryggisþjónustu. Öryggisverðir skulu einnig bera á sér önnur persónuskilríki s.s. ökuskírteini o.þ.h. Þar sem öryggisverðir eru oft mikilvæg vitni við sín eftirlitsstörf og sem fyrstu menn á vettvangi t.d. vegna innbrota, bruna o.þ.h. er mjög nauðsynlegt að öryggisvörður geti á auðveldan hátt “sannað” hver hann er.

4.4.3 Nefndin ræddi sérstaklega um einkennisfatnað öryggisvarða og telur rétt að öryggisvörður í starfi sé að jafnaði einkennisklæddur, með þeim undantekningum að öryggisverðir geti starfað á vettvangi óeinkennisklæddir þegar eðli verkefnisins er slíkt að ekki sé æskilegt að hann sé auðkenndur við störf. Mjög brýnt telur nefndin að einkennisfatnaður öryggisvarða sé þannig úr garði gerður að honum megi ekki rugla við einkennisföt lögreglu- og slökkviliðsmanna. Því telur nefndin nauðsynlegt að leyfisveitandi þurfi að staðfesta einkennisfatnað öryggisvarða og að í gögnum leyfishafa sé mynd af einkennisbúningnum, tekin frá öllum hliðum.

4.5 Heilbrigði trúnaður og heiðarleiki.

4.5.1 Nefndin leggur ekki til neinar sérstakar heilbrigðiskröfur vegna þeirra sem fá leyfi til að annast dyrkþjónustu. Hins vegar telur nefndin að gera verði kröfu um að þeir sem ráðnir eru til starfa við öryggisvörslu sem snýr að almenningi samkvæmt 2. og 3. lið mgr. 4.1.7 leggi fram læknisvottorð sem sýni að viðkomandi sé ekki haldinn neinum þeim sjúkdómi eða fötlun sem geti hamlað honum í starfi eða stofnað öryggi hans eða þeim sem hann þjónar í hættu.

4.5.2 Þegar kemur hins vegar að öryggisvörðum sem starfa við verðmætaflutninga og lífvörslu telur nefndin að lágmarkskröfur um þrek, sjón, heyrn og andlegt ágervi verði að vera þær sömu og gerðar eru til inngöngu í lögregluskóla ríkisins og að þær kröfur skuli endurnýja árlega samkvæmt læknisvottorði. Lagt er til að þessar kröfur komi fram í lögum eða reglugerð um einkarekna vakt- og öryggisþjónustu en að öryggisfyrirtækjunum sjálfum verði falið að fylgja því eftir.

4.5.3 Hvað varðar kröfur um trúnað og heiðarleika telur nefndin að ákvæði 2. gr. 1. nr. 58/1997 uppfylli þær kröfur sem gera verður til þess, enda sé í verklagsreglum gætt þess sem fram kemur í kafla 4.2, mgr 4.2.1 og 4.2.2.

4.6 Búnaður.

4.6.1 Nefndin hefur rætt hvort rétt sé að veita öryggisvörðum heimild til að nota varnarbúnað við störf sín, s.s. varnarúða (Mace) og/eða kylfu. Jafnframt ræddi nefndin um hvort veita ætti þeim heimild til að nota handjárn eða svokölluð “bensli” (plastbönd) við störf sín til að geta sett hendur óróaseggja í járn, eða bundið með benslum eftir að hafa yfirbugað þá. Það er mat nefndarinnar að rétt sé að heimila öryggisvörðum að nota handjárn eða “bensli” sem og varnarúða, verði orðið við tillögum nefndarinnar um að nám öryggisvarða verði hluti af námi í Lögregluskóla ríkisins. Því leggur nefndin til að í endurskoðuðum lögum um einkarekna vakt- og öryggisþjónustu verði heimild fyrir dómismálaráðherra að setja í reglugerð heimild til handa öryggisvörðum til að nota framangreindan búnað við störf sín enda hafi þeir lokið tilskyldu námi við Lögregluskólann. Samhliða þyrfti líklega að huga að handtökuheimild til handa menntuðum öryggisvörðum, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Við teljum hins vegar ekki rétt að öryggisverðir fái heimild til að nota kylfu eða önnur vopn til líkamsmeiðinga.

4.6.2 Þar sem störf öryggisvarða eru að mörgu leyti tengd viðkvæmum persónuupplýsingum og áriðandi að fyllsta öryggis sé gætt, telur nefndin heppilegast að einkarekin vakt- og öryggisþjónusta nýti sér lokuð fjarSKIPakerfi, t.d. Tetrakerfið eða sambærilegt, til almennra fjarSKIPta.

4.6.3 Nefndin gerir ekki sérstakar tillögur um farartæki, einkenni þeirra, merkingar eða merkiljós.

4.6.4 Þegar skoðuð eru lög um einkarekna vakt- og öryggisþjónustu á hinum Norðurlöndunum kemur í ljós að sérstaklega er fjallað um notkun hunda við öryggisgæslu en þá með þeim takmörkunum að þá megi aðeins hafa í taug og til varnar öryggisvarðarins sjálfs en ekki beitingar að öðru leyti gegn ætluðum brotamanni. Telur nefndin rétt að öryggisverðir sem sinna öryggisgæslu á fáförnum stöðum og utan almenns viðverutíma annarra fái heimild til að hafa hund sér til varnar og til fælingar, og til að skapa öryggisverði aukna yfirsýn sem byggir á þefskyni hunda. Skilyrt verði að hundurinn sé í taug og hafi fengið tilskylda þjálfun og vottun um hlýðni frá vottunaraðila með þekkingu þar á. Nefndin telur hins vegar ekki rétt að leyfa öryggisvörðum að hafa hunda við gæslu á þeim stöðum og á þeim tímum sem almenningur hefur aðgang að.

4.7 Þjónustusamningar og tryggingar.

Nefndin er sammála um að einkarekin vakt- og öryggisþjónusta megi ekki taka að sér þjónustu á þessu sviði nema með skriflegum samningi við verkkaupa. Í samningnum komi fram nafn, kennitala og heimili samningsaðila, nákvæm verkefnalýsing, hvers skal gæta, hvar, hvenær, hvernig og hversu títt. Einnig kostnaðar- og greiðsluákvæði vegna þjónustunnar, tryggingar gagnvart tjóni og meðhöndlun ágreinings milli samningsaðila. Skyld verði einkarekinni vakt- og öryggisþjónustu að kaupa ábyrgðartryggingar fyrir hugsanlegu tjóni sem hún eða öryggisverðir í þjónustu hennar geta orðið fyrir eða valdið verkkaupa. Samningar þessir verði meðhöndlaðir sem trúnaðarmál milli samningsaðila.

4.8 Verkefna- og atvikaskýrslur.

Nefndin fjallaði sérstaklega um atvikaskýrslur vegna atburða sem upp koma við einkarekna vakt- og öryggisþjónustu. Er hún sammála um að skylt verði að skila verkkaupa atvikaskýrslum ef eitthvað það gerist sem veldur líkams- eða eignatjóni verkkaupa, viðskiptavina hans, starfsmanna eða þeirra sem gæta á sem og hjá þriðja aðila, að svo miklu leyti sem það tengist hagsmunum verkkaupa. Atvikaskýrslur þessar greini frá hvað gerðist, hvar, hvenær, hvernig, hver(jir) hlut áttu að máli, hversvegna ætla má að atburðurinn gerðist, afleiðingar hans og ítarleg lýsing á viðbrögðum öryggisvarða(r).

5. Persónuvernd.

Sú starfsemi sem nú fer fram innan einkarekinnar vakt- og öryggisþjónustu, sem og þær tillögur sem hér liggja fyrir, ganga á mörgum sviðum inn á málefni persónuverndar. Þar má helst nefna nákvæma upplýsingaöflun um þá sem sækja um störf hjá öryggisfyrirtækjum, innra eftirlit með mönnum í starfi, skráningu á hegðunarmynstri og athöfnum og varsla á skýrslum, myndböndum og hljóðupptökum frá þeim. Sama gildir um það eftirlitshlutverk sem einkarekin vakt- og öryggisþjónusta hefur með almennum borgurum á svæðum sem þeir hafa aðgang að og vöktuð eru af öryggisvörðum og/eða með myndavélum. Þar á sér stað gagnaskráning og –varsla og skýrslugerð um nafngreindar persónur sem starfa og/eða heimsækja viðkomandi eftirlitssvæði hvort sem öryggisverðir hafa afskipti af því eða ekki. Því er það skoðun nefndarinnar að endurskoðun laga og reglugerða sem snúa að einkarekinni vakt- og öryggisþjónustu, sem og gerð þeirra verklagsreglna sem samkomulag verður um að öryggisfyrirtækin skuli fylgja verði unnar í samvinnu við persónuvernd til að tryggja sem kostur er lögmæti þeirrar skráningar og vörslu gagna sem er nauðsynleg. Kannað verði í því samhengi hvort og þá hvaða gögn eru þess eðlis að þau megi nýtast ópersónugreinanleg til almennrar þekkingar og skipulagningar öryggisgæslu í framtíðinni.

6. Lokaorð.

Með skýrslunni telur nefndin sig taka á öllum helstu álitamálum sem snúa að starfsemi einkarekinnar vakt- og öryggisþjónustu annars vegar og opinberrar hins vegar. Eins og fram kemur í henni er það skoðun nefndarinnar að hér sé um mjög mikilvæga en jafnframt viðkvæma þjónustugrein að ræða sem rétt sé að vanda vel til vegna áhrifa hennar á persónuvernd, öryggi fólks og eigna. Því leggur nefndin fram nokkuð afdráttarlaugar tillögur um úrbætur innan greinarinnar, sem ljóst er að margar hverjar eru þess eðlis að þær þurfa aðlögun til einhvers tíma.

Nefndinni var ekki falið að gera tillögur um laga- eða reglugerðarbreytingar vegna einkarekinnar vakt- og öryggisþjónustu, en telur að tillögur sínar komi inn á alla þætti málsins þ.e. efni til laga- og reglugerðabreytinga, setningu samræmdra verklagsreglna, samræmingu náms og þjálfunar inn á starfsnám á framhaldsskólastigi og aðgengi að námi innan lögregluskóla ríkisins, fyrir þá öryggisverði sem beinust samskipti hafa við þá sem brjóta af sér og ógna öryggi annarra,

Telur nefndin að með þessu hafi hún skilað því sem beint var til hennar samkvæmt erindisbréfi ráðuneytisins frá 6. ágúst 2003.

Samantekt á niðurstöðum.

- 2.1.2 og 2.1.3 Fleiri aðilar en opinberir og einkarekin vakt- og öryggisþjónusta fara inn á einkaheimili og lokuð svæði til eftirlits, álesturs o.þ.h.
- 2.2.2 Að einyrkjar stundi einkarekna vakt- og öryggisþjónustu er óæskilegt.
- 2.2.4 Einkarekin vakt- og öryggisþjónusta hefur almennt byggst upp á agaðan og traustan máta og er mjög þörf í nútímasamfélagi.
- 2.3.4 Dyrkþjónusta falli undir lög um einkarekna vakt- og öryggisþjónustu.
- 2.3.4 Lífvarsla falli undir lög um einkarekna vakt- og öryggisþjónustu.
- 2.4.3 Persónunjónsnir einkaaðila í atvinnuskyni verði bannaðar á Íslandi.
- 2.4.5 Hlerunarleit, verði hún leyfð í atvinnuskyni, lúti ströngum leyfis-, gæða- og eftirlitsskilyrðum.
- 3.1.1 Öll öryggisþjónusta skarast. Því er nauðsynlegt að mörk milli valdsviðs þeirra sem annast öryggisþjónustu séu eins skýr og mögulegt er og að gagnkvæm þekking sé til staðar.
- 3.2.1 Starfsemi einkarekinnar vakt- og öryggisþjónustu og lögreglu hefur ekki skarast svo tjón hafi hlotist af.
- 3.2.2 “Grátt belti” í skörun er eðlilegt.
- 3.2.3 til 3.2.5 Mikilvægt er að setja skýrar verklagsreglur um viðbrögð við boðum frá árársarhnöppum.
- 3.2.6 Æskilegt er að til staðar sé formlegur samráðsvettvangur til að fjalla um árekstra, skörun og núning milli öryggisþjónustuaðila og mismunandi valdsvið.
- 4.1.1 Ákvæði núverandi laga nr. 58/1997 haldi sér með þeim viðbótum sem fram koma í tillögum nefndarinnar.
- 4.1.2 Starfsmenn fyrirtækja sem þurfa að senda menn til álesturs eða eftirlits í húbýli eða aðrar fasteignir hafi auðkennd persónuskilríki og skilji eftir nafnspjald hjá umráðamanni.
- 4.1.3 Leyfisveitingar verði í höndum lögreglustjóra samkvæmt samræmdum verklagsreglum ríkislögreglustjóra.
- 4.1.4 Eftirlit með leyfishöfum í einkarekinni vakt- og öryggisþjónustu verði í höndum viðkomandi lögreglustjóra.
- 4.1.5 Fastráðnir lögreglumenn, slökkviliðsmenn, tollverðir, starfsmenn almannavarna og landhelgisgæslu fái ekki heimild til að reka einkarekna vakt- og öryggisþjónustu.
- 4.2.1 Við ráðningu verði öryggisvörðum skylt að leggja fram ítarlegar upplýsingar um feril sinn.
- 4.2.2 Öryggisverðir gangist undir þá kvöð að vera undir innra eftirliti öryggisfyrirtækis sem þeir vinna við.
- 4.3.5 Starfsmenntun og þjálfun öryggisvarða er grundvöllur að farsælu samstarfi við lögreglu og minnkar hættu á óæskilegri skörun.
- 4.3.7 Unnið verði að því að koma upp menntunarbraut við fjölbrautaskóla í öryggisþjónustu. Þeir öryggisverðir sem starfi við öryggisvörslu þar sem bein samskipti eru við almenning fái þjálfun og menntun í lögregluskóla ríkisins.
- 4.4.2 Öryggisvörður á vakt beri ávallt auðkenniskort með mynd auk opinbers persónuskilríkis.
- 4.4.3 Einkennisfatnaði öryggisvarða verði alls ekki ruglað við einkennisfatnað lögreglu eða annarra opinberra starfsmanna við öryggisgæslu.
- 4.5.1 Öryggisverðir verði að leggja fram læknisvottorð sem sýni að þeir séu ekki haldnir neinum þeim sjúkdómi eða fötlun sem geti hamlað þeim í starfi eða valdið hættu.

4.5.2 Öryggisverðir við verðmætaflutninga og lífvörslu uppfylli sömu kröfur og lögreglumenn um þrek, sjón, heyrn og andlegt atgervi.

4.6.1 Sett verði í reglugerð að ráðherra geti heimilað að öryggisverðir sem hlotið hafa þjálfun í lögregluskóla ríkisins verði heimilt að nota handjárn eða bensli, sem og varnarúða.

4.6.4 Öryggisvörðum verði heimilt að hafa hunda sér til fulltingis enda ófrávíkjanlega í taug og vottaðir um hlýðni.

Reykjavík 10. febrúar 2005.

Guðjón Petersen form.

Árni Guðmundsson

Jónmundur Kjartansson

Reynir S. Ólafsson



Hættur við, þori ekki!